DV Um helgina



Jónas Ingimundarson og Gunnar Guðbjörnsson koma fram á ljóðatónleikum á sunnudag og mánudag.


Norræna húsið:

Ljóðatónleikar

Á sunnudag verða haldnir ljóðatónleikar í Norræna húsinu og hefjast þeir klukkan 17.00. Fram koma Gunnar Guðbjörnsson tenór og Jónas Ingimundarson píanóleikari. Flutt verður verk eftir Schubert sem í íslenskri þýðingu ber nafnið Malarastúlkan fagra. Tónleikarnir verða endurfluttir á mánudag kl. 20.30 og af gefnu tilefni er bent á að miðasalan í Norræna húsinu hefst kl. 14.00 á sunnudag.

Gunnar Guðbjörnsson stundaði söngnám lengst af hjá Sigurði V. Demetz í Nýja tónlistarskólanum. Hann fór í framhaldsnám til Prof. Hanne-Lore Kuhse í Berlín og Paul Wynne Griffiths í London. Hann hefur einnig sótt tíma hjá Nicolai Gedda í Vín, Morges og London. Gunnar hefur á síðustu 5 árum komið víða fram sem einsöngvari, bæði hér heima sem erlendis.

Þess má einnig geta að fyrir stuttu undirritaði Gunnar námssamning við National Opera Studio í London til eins árs en samhliða mun hann áfram koma fram á tónleikum hér heima og í London.



Á sýningunni gefur að líta smærri og stærri skúlptúra.

Kjarvalsstaðir:

Kristinn E. Hrafnsson

Á laugardag kl. 14.00 verður opnuð að Kjarvalsstöðum fyrsta einkasýning Kristins E. Hrafnssonar myndhöggvara. Á sýningunni, sem lýkur þann 30. september, getur að líta smærri og stærri skúlptúra eftir Kristin sem flestir eru unnir í málma og allir gerðir á þessu ári.

Kristinn er Norðlendingur, fæddur miðsumars árið 1960 á Ólafsfirði. Hann útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1981 og nam myndlist við Myndlistarskólann á Akureyri um eins árs skeið þar til hann innritaðist í myndmótunardeild MHÍ. Þar var aðalkennari hans Jón Gunnar Árnason. Að námi loknu í MHÍ árið 1986 sigldi Kristinn til Þýskalands og nam myndmótun næstu fjögur ár við Myndlistar-akademíuna í München, undir stjórn Eduardo Paolozzi, eins af upphafsmönnum popplistar í skúlptúr. Kristinn lauk hjá Paolozzi í upphafi þessa árs.

Við opnunina frumflytur Örn Magnússon píanósónötu í þremur þáttum eftir Ríkharð H. Friðriksson.

Hótel Borg:

Útgáfutónleikar Islandica

Á sunnudag heldur Islandica útgáfutónleika á Hótel Borg kl. 21.00 og kynnir nýja hljómplötu sína sem er með íslenskum þjóðlögum og alþýðulögum. Platan hefur hlotið nafnið Rammíslensk. Þar gefur að heyra fornan fimmundarsöng, rímur, vikivaka og fleira, t.d. ljóð eftir Halldór Laxness og Þórberg Þórðarson o.fl. Útsetningar eru margar nýstárlegar og gerðar í rammíslenskum anda.

Hljómsveitin Islandica hefur um nokkurra ára bil sérhæft sig í að kynna íslensk þjóðlög, aðallega erlendis. Á undanförnum tveimur árum hefur hljómsveitin haldið á sjötta tug tónleika á erlendri grund (á Norðurlöndum, í V-Þýskalandi, Englandi og Lúxemborg) og einnig leikið í þarlendum útvarpsstöðvum. Talið er að á þennan hátt hafi hljómsveitin náð eyrum allt að 20 milljón manna.

Hljómsveitin er nú nýkomin úr tónleikaferð frá Þýskalandi og Lúxemborg, en í Þýskalandi tók hún þátt í þjóðlagahátíð sem útvarpið í Regensburg stóð að. Þar kom fram fjöldi tónlistarmanna frá fjölmörgum löndum úr öllum heimsálfum. Þá lék hljómsveitin einnig á Íslandskynningu í Lúxemborg sem Flugleiðir og Ferðamálaráð stóðu að, í tengslum við heimsókn frú Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands.

Hljómsveitina Islandica skipa Gísli Helgason, Guðmundur Benediktsson, Herdís Hallvarðsdóttir og Ingi Gunnar Jóhannsson. Á tónleikunum á Hótel Borg verða þeir Ásgeir Óskarsson og Sigurður Rúnar Jónsson hljómsveitinni til aðstoðar.



Plata Islandica ber nafnið Rammíslensk.


Gallerí 8:

Keramikkynning


Vikuna 16.–23. september verður kynning á leirkerjum og keramik eftir leirlistamanninn Guðnýju Magnúsdóttur. Verkin verða til sýnis í glugga gallerísins og í galleríinu sjálfu á venjulegum verslunartíma og um helgar.

Guðný hefur tekið þátt í fjölda samsýninga á Íslandi, Norðurlöndunum, Frakklandi, Japan og Bandaríkjunum. Guðný hefur haldið 4 einkasýningar á Íslandi og 2 í Helsinki, þar sem hún starfaði í 4 ár sem leirlistamaður.

Verk í opinberri eigu eftir Guðnýju hafa verið keypt í Finnlandi, Noregi og Reykjavík.



Fjallahringur eftir Guðnýju Magnúsdóttur.



Á laugardag verður opnuð á vesturgangi Kjarvalsstaða sýning á verkum Sæmundar Valdimarssonar. Sýndur verður skúlptúr úr rekaviði en sýningunni lýkur 30. september.